

Ed.

86. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg er sammála meiri hl. nefndarinnar um það, að nauðsyn beri til að reisa á næstunni nýtt betrunarhús (fangahús) fyrir landið, þar sem fangelsið í Reykjavík er orðið allsendis ófulluægjandi. Hitt tel jeg ekki fullrannsakað, hvort fært eða hagkvæmt sje að reka sömu stofnun einnig sem »letigarð«, og tel að ákvörðun þar um verði að biða frekari rannsóknar.

Mál þetta virðist því miður vera sama sem alveg óundirbúið af hálfu stjórnarinnar. Á nefndarfundum var dómsmálaráðherra m. a. spurður um, hve stór stofnun þessi ætti að vera, eða hve marga fanga og hve marga letingja hún ætti að rúma. Um það gat ráðherrann engar upplýsingar gefið aðrar en þær, að ef hinn hálfgerði Eyrarbakka spítali yrði keyptur til afnota í þessu skyni, þá yrði stærð þess húss, eins og það nú er, látin ráða. Ekki gat ráðherrann heldur gefið neinar upplýsingar um væntanlegan kostnað, en lýsti því, að upphæð sú, sem frv. tiltekur, sje algerð ágiskun og einvörðungu miðað við það, að Eyrarbakka spítali verði tekinn til afnota í þessu skyni. Hann kvaðst þó ekki vita, hvort stjórnin mundi vilja nota spítalann, en ef það yrði ekki, þá hugsaði hann sjer að leita að nýju til þingsins með þetta sama mál.

Jeg tel nú í fyrsta lagi alveg ótílkæmlegt að taka Eyrarbakka spítala til afnota í þessu skyni. Hann liggur í útjaðri fjölmenns sjávarþorps, fast við mjög fjölfarinn alfaraveg, og næsta umhverfi hans afeitlega fallið til jarðræktar og annarar vinnu. Loks er hann svo langt frá Reykjavík, að ómögulegt er að nota hann fyrir gæsluvarðhald handa þeim, sem eiga að koma fyrir rjett í Reykjavík. Jeg álit, að þessi stofnun þurfi að vera á hæfilega afskektum stað, þar sem fangarnir geta stundað útlivinnu án þess að vera beinlinis á almannafæri, þar sem

hentugt er að setja nauðsynlegar girðingar fyrir fangana og utan um vinnusvæði þeirra, landið hentugt til ræktunar og svo nálægt ljölmennustu dómþinghá landsins, Reykjavík, að nota megi til fulls þaðan.

Í öðru lagi þykir mér sjáanlegt, að upphæð sú, sem frv. fer fram á, muni alls ekki nægja til þess að koma stofnuninni upp, þótt hinn hálfgerði spítali fáist fyrir áhvilandi skuld.

Ráðherrann lýsti því á nefndarfundi, að í rauninni mætti skoða þetta frv. einungis sem heimild handa stjórninni til þess að taka Eyrarbakka spítala og gera úr honum slíka stofnun, því að ef stjórnin sæi ekki tiltækilegt að fara þá leið, þá mundi hún snúa sjer til Alþingis aftur. Þar sem jeg tel þessa úrlausn málsins alveg óviðunandi, tel jeg ekki rjett að veita stjórninni þá heimild, heldur álit jeg, að málið ætti að fá þann undirbúning, sem slíku máli: hæfir, og koma að því loknu fyrir Alþingi. Legg jeg því til, að málið verði afgreitt með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þingdeildin skorar á landsstjórnina að rannsaka og undirbúa byggingu nýs betrunarhúss fyrir landið og að rannsaka, hvort tiltækilegt muni að hafa letigarð i sambandi þar við. Í því trausti, að rannsókninni verði lokið fyrir næsta þing, tekur deidin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. febr. 1928.

Jón Þorláksson.